



Fréttablaðið, 12.11.2019, síðu 9
grein stærð: 224.41 sm²
grein hæð: 21.73 sm

Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum



**Sigríður Lára
Haraldsdóttir**
formaður
fagráðs
eineltismála



**Almenna ráðgjöf, leið-
beiningar og upplýsingar er
hægt að nálgast með því að
senda fyrirspurn á netfangið
fagrad@mms.is.**

Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum var skipað af Lilju D. Alfredsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra 13. febrúar 2018. Áður hafði verið starfandi fagráð eineltismála í grunnskólum frá árinu 2012, en núverandi fagráð tekur einnig til mála sem varða nemendur í framhaldsskólum. Verklagsreglur fyrir fagráðið voru endurskoðaðar í kjölfarið og tóku þær gildi 22. janúar 2019.

Fagráðið starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis, en umsýsla þess er hjá Menntamálastofnun. Fagráðið starfar í samræmi við ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 og ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskóla nr. 326/2016.

Hlutverk fagráðsins er tvíþætt. Annars vegar er hlutverk þess að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf og hins vegar að gefa út ráðgefandi álit.

Almenna ráðgjöf, leiðbeiningar og upplýsingar er hægt að nálgast með því að senda fyrirspurn á netfangið fagrad@mms.is. Metið er hverju sinni hvort fyrirspurnum sé svarað af starfsmanni fagráðs eða af fagráðinu sjálfu, en þá eru þær teknar fyrir á reglulegum fundum fagráðs. Athygli er vakin á að hér er um almenna ráðgjöf að ræða en ekki nákvæmar leiðbeiningar í einstaka málum.

Aðilar skólasamfélagsins (t.d.

foreldrar/forráðamenn, nemendur, starfsmenn skóla) geta vísað eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn á þeim innan skóla eða sveitarfélags, eða vegna meints aðgerðaleysis sömu aðila. Öll mál sem vísað er til fagráðsins eru tekin til athugunar og ef fagráð metur sem svo að málið uppfylli skilyrði um málsmeðferð er það tekið til vinnslu fagráðsins. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna sem fylgja málinu og annarra upplýsinga sem fagráðið aflar, til að mynda með viðtölum við málsaðila.

Eftirfylgni með álitinu er síðan viðhöfð til að kanna hver sé staða mála og hvort þeim ráðleggingum sem fagráðið leggur til í álitinu hafi verið fylgt eða ekki. Niðurstöður eftirfylgni fagráðsins eru sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti sem metur hvort ástæða sé til að aðhafast frekar í málinu, enda hefur fagráðið ekki úrskurðarvald í máli né tekur ákvarðanir um réttindi og skyldur.

Fagráðið nálgast hvert mál á hlutlausan máta og dregur ekki taum neins, hvorki skólans, sveitarfélags né foreldra. Fagráðið leggur áherslu á að finna farsælar leiðir til að takast á við vandann og gefa öllum aðilum tækifæri til að axla ábyrgð, fremur en að skilgreina meint einelti eða alvarleika þess. Fagráðið vinnur ávallt út frá hagsmunum þeirra barna sem um ræðir.